

## REGLUGERÐ

10

30. jan.

um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sölu og veitingu áfengra drykkja, er um ræðir í nefndum lögum og lögum nr. 3 frá 1923.

### 1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, svo og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, eftir því sem ríkisstjórnin kann að ákveða eftir að fullnægt hefir verið skilyrði því, er um ræðir í 9. gr., 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935.

### 2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja áfenga drykki hingað til lands. Þó er henni óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vínanda að rúmmáli.

### 3. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengið eftir því, sem nánara er ákveðið í reglugerð þessari og gildandi lögum.

### 4. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengið þeim, er hér segir:

1. Veitingastað, sem öðlzt hefir heimild til veitinga áfengra drykkja.
2. Læknur, er rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins það áfengi, sem talið er á lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð, er sett verður samkvæmt 10. gr., 1. tölul., 2. mgr. áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, hvorttveggja í samræmi við það, er fyrir verður mælt í reglugerð, er sett verður samkvæmt 10. gr., 3. tölul., áfengislaganna.

Óheimilt er áfengisverzlun ríkisins að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

### 5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, útsöluverð áfengisins með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

**10**  
30. jan.

6. gr.

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar.

Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið ræður forstöðumenn útibúanna og ákveður kjör þeirra. Söluáun þeirra mega ekki vera hærri en hér segir:

a. Útsala í Reykjavík:

Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 800 þús. kr., 4% af útsöluverði.

Fyrir næstu 200 þús. kr. útsöluverðs 2%.

Fyrir það, er salan kann að fara fram yfir 1 milljón, 1½% af útsöluverði.

b. Útsölur utan Reykjavíkur:

Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 70 þús. kr., 15% af útsöluverði.

Fyrir næstu 30 þús. kr. útsöluverðs 7%.

Fyrir það, er salan kann að fara fram yfir 100 þús. kr., 2½%.

8. gr.

Forstöðumenn útibúanna skulu fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er stjórnarráðið og Áfengisverzlun ríkisins kann að setja um söluáun yfirleitt eða sérstaklega fyrir hvern stað. Forstöðumaður Áfengisverzlunar ríkisins skal í samráði við fjármálaráðuneytið mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útibúanna skuli hagað.

9. gr.

Útsölustöðum Áfengisverzlunar ríkisins er óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

10. gr.

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni, næsta virkan dag.

11. gr.

Veitingu áfengis, þ. e. sölu til neyzlu á staðnum, má aðeins hafa um hönd af þeim, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess, og aðeins í þeim húsnæðnum, er ráðuneytið samþykkir. Skyldur er veitingasali að fara í öllu eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum þeim, er ráðuneytið setur honum í veitingaleyfi eða á annan hátt.

12. gr.

Veitingar áfengis mega aðeins fara fram á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi til kl. 2½ síðdegis, og frá kl. 7 til 11½ síðdegis. Þó má veita áfengi í lokuðum samkvæmum eftir kl. 11½ síðdegis, en þó aldrei lengur en til kl. 4 f. h. Ekki

má vín vera á borðum gesta lengur en  $\frac{1}{2}$  klukkutíma eftir að liðinn er sá tími, **10**  
er áfengi má veita. **30. jan.**

## 13. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja áfengi til veitingahúss 10% hærra verði en áfengið er selt í áfengisútsölum. Veitingastað skal leyfð verðframfærsla, sem nemur allt að 30% af kaupverði hans á áfenginu, þegar neytendum er selt vín á hálfum og heilum flöskum. En auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 25% frá þessu verði, þegar sala fer fram á annan hátt. Áfengisverzlun ríkisins skal semja verðskrár yfir útsöluverð vína á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

## 14. gr.

Sala annars áfengis en þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, má aldrei fara fram á veitingahúsi í heilum eða hálfum flöskum nema í lokuðum samkvæmum. Í öðrum tilfellum má ekki láta meira áfengi úti í einu en 6 sentilítra.

## 15. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessu.

## 16. gr.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins, útibúum hennar og veitingastöðum að selja vín:

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs.
2. Þeim, sem eru bersýnilega ölvaðir, þegar þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skal lögreglustjórum og dómurum skylt að tilkynna Áfengisverzlun ríkisins og næsta útibúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur á nefndan hátt, en Áfengisverzlunin tilkynnir útibúum sínum, svo og veitingahúsum þeim, er vinsöluleyfi hafa.

## 17. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi né einstakar áfengistegundir.

## 18. gr.

Hver sem notar eftirmynd af merkjum Áfengisverzlunar ríkisins eða misbrúkar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

## 19. gr.

Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar, til að leyfa að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr., áfengislaganna, nema í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan

**10** hagnað af því að vinnautn sé höfð um hönd. Slik leyfi má ekki veita skemmti-  
30. jan. félögum.

Ekki má heldur veita slik leyfi til vinnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Slik leyfi verða aðeins veitt innan lögsagnarumdæmis, þar sem Áfengisverzlun ríkisins hefir útsölu.

Þegar leyfi er fengið samkvæmt framansögðu, lætur Áfengisverzlun ríkisins, eða útsölur hennar utan Reykjavíkur, annast um veitingu vína í samkvæminu, og skal veitingaverð áfengisins vera hið sama og í veitingahúsi, er öðlast hefir rétt til áfengisveitinga.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr., áfengislaganna skulu vera skrifleg og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til dómsmálaráðuneytisins.

#### 20. gr.

Lögreglustjórum skal heimilt að loka útsölu eða veitingastað áfengis um einn eða fleiri daga, ef óeirðir eru byrjaðar eða yfirvofandi á staðnum eða önnur slik tilefni gefast, er hafa það í för með sér, að sérstök hættu geti stafað af vinnautn manna. Jafnan skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu símleiðis, ef unnt er, en ella við fyrsta tækifæri, þegar slik lokun á sér stað og tilefni hennar.

#### 21. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum áfengisлага nr. 33 frá 9. janúar 1935.

#### 22. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 108 frá 6. nóv. 1931.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. jan. 1935.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*